



Rammaáætlun

25. apríl 2012

Bryndís Skúladóttir

Sameiginleg sýn til framtíðar




Vegferðin hófst fyrir nær tveimur áratugum.

Verkefnastjórn Rammaáætlunar og fjöldi faghópa hafa starfað í meira en áratug.

Ætlunin var að meta samtímis helstu virkjanakosti og fá sameiginlega sýn til framtíðar um hvar mætti virkja og hvaða svæði ætti að vernda.

Leitast átti við að ná sátt um vernd og nýtingu landsvæða.



Frummat og heildarsýn



Rammaáætlun er eins konar frummat á tilhögun virkjunar og umhverfisáhrifum.

Hún nýtist við að velja virkjunarkosti, leiðbeina við rannsóknir, við hönnun virkjana og gagnast við skipulag á landnotkun.

Síðustu ár hafa starfað faghópar um

- náttúru og menningarminjar
- ferðapjónustu, útivist og hlunnindi
- þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðapróun
- orkulindir og hakvæmni virkjana



Flokkun virkjanakosta



Orkunýtingarflokkur - heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu.

Biðflokkur - virkjunarkostir, sem talið er að afla þurfi frekari upplýsinga um, svo meta megi hvort þeir eigi að falla í orkunýtingar- eða verndarflokk.

Verndarflokkur - virkjunarkostir, sem ekki er talið rétt að ráðast í, og landsvæði, sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu.



Fá fordæmi eru fyrir vinnu af þessu tagi í heiminum. Aðferðafræðin var valin, þróuð og aðlöguð eftir því sem fram leið.

Vinnuferlið hefur verið opið og haldnir margir kynningarfundir, málstofur, vefsíða opnuð og kynningarefni gefið út.

Þó tekist væri á virtist vera almennur vilji til að taka niðurstöðunni enda væri hún fengin á eins faglegan hátt og unnt væri.

Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.



Júní 2011




Staða rammaáætlunar



Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun frá 2011 staðfesta formlega stöðu rammaáætlunar.

Þingsályktunartillaga um rammaáætlun verður lögð fram á fjögurra ára fresti. Verkefnastjórn og faghópar undirbúa tillöguna. Ráðherra leggur tillöguna fyrir Alþingi sem afgreiðir áætlunina.

Við fyrstu afgreiðslu áætlunarinnar er verið að móta verklag til framtíðar.



Verklagið er að mótask



Verkefnisstjórn raðaði virkjanakostum eftir mati faghópanna en ekki í nýtingar-, bið,- og verndarflokk.

Á lokametrinum fer málið frá verkefnastjórn og yfir á forræði stjórnarflokka þar sem endanleg flokkun er ákveðin.

„Pólitísk hrossakaup um virkjunarhugmyndir og verndun setja þessi mál [...] í sömu hjólför og áður.“

Sveinbjörn Björnsson,
Afmælisráðstefna VFÍ, 8. mars 2012

